



Fundargerð fræðslunefndar 09. febrúar 2017

Fundur haldinn í fræðslunefnd fimmtudaginn 9. febrúar 2017

kl. 11:45 í Vopnafjarðarskóla. Mættir: Fanney Hauksdóttir, Hafþór Róbertsson, Fjóla Valsdóttir, Einar Ólafur Einarsson, Ingvar Eðvarðsson, Signý Kristjánsdóttir. Einnig kom á fundinn Aðalbjörn Björnsson skólastjóri.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. mál

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og var hún samþykkt samhljóða.

2. mál

Vegvísir samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara vegna málefna grunnskólans.

Formaður fór yfir helstu atriði vegvísisins og útskýrði hlutverk nefndarinnar í þessu máli. Sjá fylgiskjal.

3. mál

Tillaga formanns fræðslunefndar að framkvæmdaáætlun.

Drög að verkáætlun vegna aðgerðar- og umbótaáætlunar vegna starfsumhverfis og vinnumats grunnskólakennara á Vopnafirði.

Fulltrúar í nefnd verkefnisins.

- Þrír kennarar frá Vopnafjarðarskóla sem kennarar tilnefna.
- Sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, Ólafur Áki Ragnarsson og fulltrúi fræðslunefndar sem nefndin velur. Annarhvor aðili sveitarfélagsins verður verkefnisstjóri, kallar saman fundi, býr til aðgerða- og umbótaáætlun í samráði við nefndina og sér um að skila lokaskýrslu.

1. Kennarafundur haldinn þann 20. febrúar. Einungis kennarar mæta á þann fund og ræða við sýna fulltrúa um hvað þeir vilji að komi fram.
2. Fimmtudaginn 23. febrúar: Fundur nefndarinnar í Vopnafjarðarskóla, 2 klst.
3. Verkefnastjóri vinnur úr niðurstöðum nefndarinnar 23. febrúar til 9. mars.
4. Fimmtudaginn 9. mars: Fundur nefndarinnar í Vopnafjarðarskóla, 2 klst.
5. Verkefnisstjóri vinnur úr niðurstöðum nefndarinnar 9. mars til 23. mars.
6. Fimmtudaginn 23. mars: Lokafundur nefndarinnar í Vopnafjarðarskóla, 2 klst. Aðgerða- og umbótaáætlun kláruð.
7. Verkefnisstjóri vinnur kynningu á aðgerðar- og umbótaáætlun fyrir kennara, 23. mars – 20. apríl.

8. Mánudaginn 27. apríl. Kennurum Vopnafjarðarskóla kynnt aðgerða- og umbótaáætlunin.
9. Verkefnisstjóri skrifar lokaskýrslu fyrir verkefnið og skilar til Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir 1. júní 2017.

Áætlunin rædd og samþykkt.

Áætlað er að vinna við undirbúning skýrslunnar taki 8 klst. Skólastjóri samþykkir að tveir klukkustundarlangir kennarafundir, með öllum kennurum, verði tileinkaðir þessu verkefni.

Þá mun nefnd verkefnisins halda og 3 tveggja tíma fundi vegna verkefnisins. Nefndin samþykkir að beina því til hreppsnefndar að þeir sem vinna við skýrsluna frá skólans hálfu, fái greidda yfirvinnutíma fyrir þessar 6 klukkustundir sem nefndarfundir taka. Áætlað er að 3 kennarar og skólastjóri vinni undirbúningsvinnu kennara (skólans).

Samantekt verkefnisstjóra og vinna við skýrsluna er áætluð ca. 30 klst.

Samþykkt er á fundinum að formaður fræðslunefndar verði fulltrúi nefndarinnar í skýrslugerðinni.

Önnur mál

1. Aðalbjörn greindi frá ytra mati sem framkvæmt var við skólann í lok október. Niðurstöður liggja fyrir í matsskýrslu sem kynnt verður fyrir fræðslunefnd og hreppsnefnd þann 16. febrúar 2017 kl. 16:00.
2. Formaður spurði um Olveusaráætlun skólans. Hún er í fullu gildi og Aðalbjörn greindi frá því að könnun hefur verið framkvæmd og niðurstöður eru í vinnslu og verða kynntar síðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:00